

Reykjavík, 5. apríl 2019

Niðurstaða athugunar á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggingum og ráðgjöf ehf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun í desember 2018 á þarfagreiningu og varðveislu gagna hjá Tryggingum og ráðgjöf ehf., en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með viðskiptaháttum váttryggingamiðlara samkvæmt 1. mgr. 59. gr., sbr. 28. gr. laga nr. 32/2005 um miðlun váttrygginga.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort félagið framkvæmdi viðunandi þarfagreiningu áður en váttryggingarsamningar eru gerðir við væntanlega váttryggingartaka og hvort áskilinn rökstuðningur fylgi þeim ráðleggingum sem félagið leggur til hverju sinni. Jafnframt var athugað hvernig persónuupplýsingar eru geymdar og hvernig aðgangstakmörkunum er háttað vegna þeirra persónuupplýsinga sem aflað er hjá væntanlegum váttryggingartökum.

Í tengslum við athugunina fóru fulltrúar Fjármálaeftirlitsins á starfsstöð félagsins og fengu þeir kynningu á starfsemi félagsins og hvernig persónuupplýsingar viðskiptamanna eru geymdar. Til að skoða þarfagreiningu og rökstuðning sem fylgir ráðleggingum félagsins tóku fulltrúar Fjármálaeftirlitsins úrtak sex nýlegra þarfagreininga félagsins vegna persónutrygginga.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í mars 2019. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að þarfagreiningarform félagsins innihélt valmöguleika fyrir væntanlega váttryggingartaka að óska ekki eftir þarfagreiningu. Einnig gerði eftirlitið athugasemd við að þarfagreiningarformin voru ekki fyllt út gaumgæfilega í öllum tilvikum í úrtakinu. Að lokum gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að skortur var á að áskilinn skriflegur rökstuðningur væri veittur við gerð samninga vegna reglubundins sparnaðar í þarfagreiningaformi félagsins. Framangreindar athugasemdir byggja á 31. og 33. gr. laga nr. 32/2005, sem kveður á um þarfagreiningu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Tryggingar og ráðgjöf ehf. geri viðeigandi úrbætur vegna framangreindra athugasemda.